

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. maí 2005 - 136. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is - Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR



Undurfagurt rifrildi frá Napólí

Tónlistarhópurinn Rinascente flytur í kvöld óratóriuna Hin heilaga þrenning eftir Alessandro Scarlatti.

TÓNLIST 27

Veidimenn taka fram græjurnar

Pálmi Gunnarsson hefur umsjón með þrem árn í sumar með reynir að skapa veiðimönnum nota-legt umhverfi.



24 STUNDIR 12

Valur í annað sætið

Valur komst í annað sæti Landsbankadeildar karla í gær með öruggum sigri á ÍA á Hlíðarenda. Gamall Skagamaður reyndist sínum gömlu félögum erfiður.

ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTAST VESTAN TIL Annars skýjað með köflum. Stöku el við norðaustur- og austurströndina. Hætt við smáskúrum suðaustan til. Hiti 0-9 stig, mildast syðra. **VEÐUR 4**

Fréttablaðið er leiðandi*

Lestur á leiðarasiðu

FRÉTTABLAÐIÐ
37%

Morgunblaðið
11%

Íslendingar 18-49 ára

*Meðallestur á leiðarasiðu Fréttablaðsins þriðjud., miðvikud., föstud., laugard. og sunnud. Lestur á leiðarasiðu Morgunblaðsins á fimmtud. Fjölmólaáskönnun Gallup maí 2005

Uppröðun R-listans helsti þröskuldurinn

Samfylkingin vill að framboðslisti R-listans verði valinn í opnu prófkjöri. Vinstri grænir og Framsókn hafna ekki prófkjöri en vilja halda í jafnræðisreglu flokkanna. Líklegt að óháðir missi sæti sín á listanum.

R-LISTAMÁL Skoðanamunur á því hvornig eigi að standa að vali fulltrúa á framboðslista R-listans fyrir borgarstjórnarkosningar að ári er helsti þröskuldurinn í vegi þess að flokkarnir sem að listanum standa nái saman.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa engar alvarlegar deilur komið upp í málefnaumræðum flokkanna hingað til og virðist ljóst að ef upp úr samstarfi flokkanna slitnar, þá verður það vegna ágreinings um skipan listans.

Samfylkingin hefur lagt fram tillögu í viðræðunum þess efnis að listinn verði valinn í opnu prófkjöri, þannig verði þess best gætt að borgarþúar komi beint að því að velja fulltrúa sína í borgar-

stjórn. Fulltrúar Framsóknarflokks og Vinstri grænna hafa ekki hafnað þessum hugmyndum en flokkarnir eru þó efnis um að galopið prófkjör sé rétta leiðin.

Þeir vilja halda í jafnræðisreglu flokkanna sem stuðst hefur verið við frá upphafi; hver flokkur eigi minnst tvö örugg sæti á listanum en flokkunum eigi að vera í sjálfsvald sett hvornig þeir velja fulltrúa sína á listanum.

Jafnræðisreglan gengur reyndar út frá því að óháðir eigi tvö sæti á listanum en eftir því sem næst verður komist er vilji til þess innan raða Vinstri grænna og Framsóknarmanna að endurskoða þann þátt í skipan listans. Það byggist fyrst og fremst á því að upphaflega voru þessi sæti tekin

frá vegna Ingibjargar Sólrúnar en nú sé ekki lengur sterkum einstaklingi sem henni til að dreifa í röðum óháðra.

Val á borgarstjóraefni er einnig nokkuð sem flokkarnir eiga eftir að koma sér saman um og meðal annars hafa Vinstri grænir viðrað þá hugmynd að flokkurinn sem fær borgarstjórasetið í sinn hlut, fái aðeins tvö sæti á listanum, hinir flokkarnir fái þrjú hvor.

Ólíklegt er þó talið að þessi hugmynd hljóti brautargengi, sérstaklega ekki innan Samfylkingarinnar, því ýmsir innan hennar vilja að flokkurinn njóti betur þeirrar sterku stöðu sem flokkurinn hefur í höfuðborginni eftir síðustu alþingiskosningar.

- ssa



LEIT STENDUR YFIR Enn er nítján hermönnum sem talið er að hafi orðið úti í mikilli stórhríð í fjöllumum í síðustu viku. Þegar hafa 26 lík félagar þeirra fundist og því eru litlar líkur sagðar á að þeir muni finnast á lífi. Þetta er versta slys í sögu chileska hersins á friðartímum enda hefur þjóðarsorg verið lýst yfir í landinu.

Andesfjöll:

Hermenn frusu í hel

SANTIAGÓ, AP Leit stendur enn yfir í hlíðum Andesfjalla að nítján hermönnum sem talið er að hafi orðið úti í mikilli stórhríð í fjöllumum í síðustu viku. Þegar hafa 26 lík félagar þeirra fundist og því eru litlar líkur sagðar á að þeir muni finnast á lífi. Þetta er versta slys í sögu chileska hersins á friðartímum enda hefur þjóðarsorg verið lýst yfir í landinu.

Mennirnir voru flestir illa búnir nýliðar og því hefur ákvörðunin um að senda þá til fjalla sætt mikilli gagnrýni þar sem veðurspá var afar slæm. Engu að síður lýsti ríkisstjórn landsins yfir trausti sínu á yfirmenn herafans í gær. ■



FAGNAÐARFUNDIR Sjónvarpskonan Marie Jeanne Ion, önnur frá vinstri, var í mikilli geðshræringu þegar hún hitti ættingja sína á nýjan leik í Búkarest í gær. Félagi hennar, Sorin Miscoci, lengst til vinstri, var sömuleiðis frelsinu feginn en þeim hafði verið haldið í gíslingu síðan 28. mars ásamt tveimur félögum sínum. Róstusamt var í Irak í gær og fórst á fimmta tug manna í fjölmörgum árásum. **SJÁ SIÐU 8**

Lausir úr prísund:

Rúmenarnir komnir heim

BÚKAREST, AP Mikill fögnuður ríkti í Búkarest í Rúmeníu í gær vegna heimkomu þriggja blaða- og fréttamanna sem látnir voru lausir úr haldi mannræningja deginum áður.

Þeim hafði verið rænt í Bagdad 28. mars síðastliðinn ásamt íröskum túlki sínum og kröfðust ræningjarnir að Rúmenar kölluðu hersveitir sínar heim frá Irak. Við þeim kröfum var ekki orðið en engu að síður var þremmenningunum sleppt.

Traian Basescu, forseti Rúmeníu, lofaði þolgæði þremmenninganna í móttökuræðu sinni og þakkaði rúmenskum aröbum sérstaklega sem lögðu sitt af mörkum til að fá þá lausa. ■

Farfuglar smitaðir af fuglaflensu:

Þrjár milljónir alifugla bólusettar

FUGLAFLENSA Kínversk stjórnvöld hafa ákveðið að bólusetja þrjár milljónir alifugla í Quinghai-héraði í vesturhluta landsins eftir að tæplega 200 gæsir fundust þar dauðar. Banamein þeirra var að öllum líkindum fuglaflensa.

Enginn maður hefur enn látist úr veikinni í Kína. Hins vegar tilkynntu víetnómnsk stjórnvöld í gær um 54. fuglaflensudauðsfallið í Asíu hingað til. Ekki hefur verið sýnt fram á með öyggjandi hætti að smit geti borist milli manna heldur eru þeir sem hingað til hafa látist taldir hafa komist í tæri við sýkt fuglakjöt. Teikn eru þó á lofti um að veiran geti



VERSLAÐ MEÐ FUGLA Í KÍNA Stjórnvöld í Kína ætla að bólusetja alifugla vegna ótta við fuglaflensu.

breyst þannig að hún berist milli manna. Gæsirnar sem drápuð í Kína

höfðu að líkindum flogið þangað sunnan úr álfunni og þannig virðist hættu á að farfuglar geti borið fuglaflensuveiruna heimsálfa á milli.

Fyrir nokkrum árum fannst fuglaflensa í flækingsönd í Mývatnssveit en veiran sem var í öndinni var ekki af sama banvæna stofninum og sú sem nú herjar á Asíubúa. Ekki er vitað hvort veiran sé til staðar í íslenskum fuglum í dag og því hvatti Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma, í samtölum við fjölmiðla í gær til að blóðsýni yrðu tekin úr villtum fuglum og alifuglum til að skera úr um það.

- oá/shg

IG veidi vörur

Stanga sett

tilbúin í veiðiferðina

IG veidi vörur í næstu sportvöruverslun




Ert þú með fulla skólatösku af peningum?

Komdu með **notuðu** skólabækurnar þínar í Pennann-Eymundsson, Hallarmúla 2 og þá færðu helming andvirðis þeirra greiddan út **strax í beinhörðum peningum**. Hinn helminginn færðu sem inneignarnótu sem nýtist til **kaupa á hverju sem er** í verslunum Pennans. Við munum greiða út allt að **tveimur milljónum**. Ekki bíða fram á haust. **Tilboðið gildir til 31. maí.**

ATHUGIÐ! Skiptibókamarkaðurinn verður opinn í Hallarmúla í allt sumar en þetta tilboð gildir aðeins til 31. maí.



Eymundsson



Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

„Maður verður að eiga eitthvað inni ef leikurinn fer í framlengingu. Þess vegna eyði ég í sparnað.“



999 kr dagurinn

GALLABUXUR



Dömu BRJÓSTHALDARI
venjulegur eða fylltur, svartur m/silfri
st. 75C-105F

Dömu BLÚSSA
græn, blá, bleik
st. 10-14

Dömu MOHAIR SJAL
100% mohair, margir litir

Dömu GALLABUXUR
100% stretch, bláar
st. 27-32



GÚMMÍSTÍGVÉL
svört, rauð, bleik
st. 21-32

Barna POLLABUXUR
Barna POLLAJAKKI
st. 80-120

Stelpu JAKKAPEYSA
magrir litir
st. 128-176

Stráka STUTTBUXUR
Stráka BOLUR
blár, svartur, st. 134/140-170



Herra FLAUELISBUXUR
st. 48-56

Barna SANDALAR
svartir, drapp, rauðir
st. 23-35

Barna SPORTSKÓR
dökkbláir, vínrauðir, rauðir
st. 24-34

Dömu SPORTSKÓR
rauðir, svartir
st. 36-42

Cool Linen SÆNGURVERASETT
100% bómull köflött
grænt, rautt, blátt

Gildir 24. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nám sem nýtist þér! Skrifstofubraut I

Er tveggja anna braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.

Kennslutími: 8:20 12:55. Kennsla hefst 24. ágúst

Skrifstofubraut I Fjarnám

Nú gefst fólki utan höfuðborgarsvæðisins í fyrsta sinn tækifæri til fjarnáms á skrifstofubraut I - sjá frekari upplýsingar á mk.is

Framhaldsnám - Skrifstofubraut II

Nú stendur einnig yfir innritun í tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.

Inntökuskilyrði: Krafast er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.

Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.

Kennslutími: 8:20 12:55. Kennsla hefst 24. ágúst.

Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 milli kl. 9:00 og 12:00. Netfang: ik@mk.is

Úsbeskir flóttamenn:

Heim til að mótmæla

KIRGISISTAN. AP Stjórnvöld í Kirgisistan hafa meinað flóttamönnum frá Úsbekistan að koma inn í landið en þeir leituðu þar hælis eftir að átök brutust út í Andijan og nálægum borgum í síðustu viku. Flóttamennirnir ætla því að snúa aftur til Andijan og taka þar þátt í uppreisninni gegn stjórn Íslam Karimov.

Flóttamennirnir hafa haldið til í búdum Kirgisistanmegin við landamærin undanfarið en stjórnvöld í Kirgisistan virðast hafa ætlað að reka fólkið heim vegna þrýstings frá stjórnvöldum í Taskent. ■



FLÓTTAMENN VIÐ LANDAMÆRI KIRGISISTANS Flóttamenn ætla aftur til Andijan til að krefjast afsagnar stjórnarinnar í Úsbekistan.

Neytendasamtökin:

Meirihluti vill afnema stimpilgjöld

NEYTENDUR Tæplega 95 prósent þátttakenda í vefkönnun sem fram hefur farið á vef Neytendasamtakanna telja að afnemi eigi stimpilgjöld og lýsa samtökin undrun yfir að tillaga um slíkt hafi ekki hlotið brautargengi á Alþingi í vetur.

Talin er full ástæða til að ítreka að slíkt verði lagt fram að nýju næsta haust enda ófáir þingmenn lýst sig andsnúna stimpilgjöldunum, sem fyrst og fremst koma niður á fólki sem er að festa kaup á sinni fyrstu íbúð. ■

Kraftaverk:

Grafin lifandi en bjargaðist

FLÓRÍDA. CNN Átta ára stúlka fannst á lífi í endurvinnslugámi í Lake Worth í Flórída í gær. Lögreglumaður sá móta fyrir hönd hennar í gámmum og gróf hana því upp. Telpa hafði verið misnotuð kynferðislega og ljóst að hún var skilin eftir til að deyja. Því má telja kraftaverki líkast að hún hafi fundist.

Stúlkan var vel á sig komin eftir atvikum. Hún gat sagt til árássarmannsins sem var handtekinn í kjölfarið fyrir nauðgun og morðtilraun. Hann er einungis 17 ára en engu að síður verður réttáð yfir honum sem fullorðnum manni. ■



HARMLEIKUR Bróðir bílstjóra Wael al-Rubaei var að vonum miður sín þegar hann sá líkið af honum í Bagdad í gær.

Hildarleikurinn heldur áfram

Á fimmta tug Íraka beið bana í árásum gærdagsins, þar á meðal háttsettur hershöfðingi sem hafði þann starfa að uppræta hryðjuverk í landinu.

BAGDAD. AP Flugmenn al-Kaída í Írak réðu hátt settan embættismann af dögum í Bagdad í gær. Auk þess beið á fimmta tug Íraka bana í árásum vídsvegar um landið.

Mannskæðustu tilræðin voru framin í gærkvöldi í bænum Tal Afar, skammt frá borginni Mosul í norðurhluta landsins. Þá sprungu tvær sprengjur með stuttu millibili fyrir utan heimili Hassan Baktash, stjórnmalamanns frá bænum sem tengist öðrum stærsta stjórnmalaflokki Kúrda. Í það minnsta tuttugu manns týndu lífi og um tvær tylftir særðust alvarlega.

Síðdegis í gær sprakk svo sprengja fyrir utan sjámosku í bænum Mahmoudyia, suður af Bagdad. Tíu manns létust og þrjátíu manns slösuðust.

Þá féllu sjö og í það minnsta átíttíu slösuðust þegar öflug bílsprengr sprakk fyrir utan fjölfarinn veitingastað í Talibia-hverfinu um hádegisleytið í Bagdad í gær. Ekki er vitað hverjir voru að verki en handbragð árássarinnar ber keim af tilræðum fylgismanna Abu Musab al-Zarqawi sem hafa verið stórtækir í hryðjuverkum að undanfögnu.

Menn al-Zarqawi gerðu sér hins vegar lítið fyrir í gær og skutu til bana Wael al-Rubaei, hershöfðingja sem hafði yfirumsjón með að uppræta skæruhernað og hryðjuverk í landinu, og bílstjóra hans. Al-Kaída-sellan í Írak sem al-Zarqawi leiðir lýsti verknaðinum á hendur sér í yfirlýsingu á netinu í gær.

Þetta er í annað sinn á jafnmörgum dögum sem íröskum embættismanni er banað en í fyrradag var hátt settur starfsmaður viðskiptaráðuneytisins myrtur.

Í bænum Tuz Khormato, skammt suður af Kirkuk, týndu fimm manns lífi þegar maður ók bifreið sinni hlaðinni sprengiefni að hópi fólks og sprengdi hana í loft upp. Þrettán særðust alvarlega. Í Kirkuk dóu tveir þegar sprengjur úr sprengjuvörpu höfnuðu á íbúðarhúsi.

Meðan á öllu þessu stóð gerðu bandarískar og íraskar öryggisveitirmenn rassi í Abu Ghraib-hverfinu í Bagdad og handtóku 300 manns sem grunaðir eru um árássir á fangelsið illræmda sem er í hverfinu, og á veginum sem liggur til alþjóðaflugvallarins í höfuðborginni. ■

TILBOÐ

Gisting eina nótt, morgunverðarhlaðborð, aðgangur að golfvelli, heitur pottur og gufa, vínglas í pottinn.

Frá 7.900 kr. á mann alla virka daga
Framboð á herb. er takmarkað.

DRAUMADAGAR Á FLUGHÓTELI Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Flughótel. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí; gistingu fylgir aðgangur að golfvöllinum í Leiru, heitur pottur og gufa og drykkur. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rælast.



- Heilsulind - sána, nudd
- Fyrsta flokks veitingar
- Upphituð bílageymsla
- Vildarpunktar

Sími: 444 4000

Nordica | Loftleiðir | Flughotel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is



2000 FLUGSÆTI

Iceland Express fagnar komu sumars með því að bjóða 2000 flugsæti á **2000 krónur** aðra leið. Hentu frá þér dagblaðinu, smelltu þér á icelandexpress.is og tryggðu þér miða til London, Köben eða Frankfurt! Mundu að við verðim bætast skattar og gjöld sem nema frá **1600 krónum** aðra leið. Sala hefst **kl. 09:00** miðvikudaginn 25. maí.

**SALA HEFST
KL. 09:00**
miðvikudaginn 25. maí

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

– fyrstur kemur, fyrstur fær!

Til Kaupmannahafnar	5.100 kr. aðra leið með sköttum
Frá Kaupmannahöfn	5.100 kr. aðra leið með sköttum
Til London	5.100 kr. aðra leið með sköttum
Frá London	4.500 kr. aðra leið með sköttum
Til Frankfurt-Hahn	5.100 kr. aðra leið með sköttum
Frá Frankfurt-Hahn	3.600 kr. aðra leið með sköttum

ÓDÝRSTA FRAMHALDSFLUGIÐ!

Fljúgðu með Iceland Express til London, Köben eða Frankfurt-Hahn. Þaðan eru endalausir möguleikar á ótrúlega ódýru flugi til spennandi staða um allan heim, spurningin er bara hvert þig langar til að fara.

Búðu þig undir brottför á www.icelandexpress.is

2000 SÆTI
Verð frá aðeins: **3.600 kr.**
(Aðra leið með sköttum)

Tilboðið gildir aðeins á völdum dagsetningum frá 27. maí til 17. júlí. Takmarkað sætaframboð.



...bara á flugfelag.is

25. - 31. maí

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR 5.199 kr.

Flug aðra leiðina.

Bara á www.flugfelag.is

Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA 5.899 kr.

Flug aðra leiðina.

Bara á www.flugfelag.is

Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR 5.099 kr.

Flug aðra leiðina.

Bara á www.flugfelag.is

Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og

VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR 4.499 kr.

Flug aðra leiðina.

Bara á www.flugfelag.is

Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og

GRÍMSEYJAR 3.499 kr.

Flug aðra leiðina.

Bara á www.flugfelag.is

Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja-12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

Listahátíð í Reykjavík:

Frábær aðsókn

LISTIR „Ég er að undirbúa mig fyrir næstu lotu. Þetta hefur gengið afskaplega vel og það er mikið um að vera,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir, kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík.

Hún segir að aðsóknin hafi verið mjög góð og uppselt hafi verið á alla tónlistarviðburði. Enn fremur hafi verið góð aðsókn á myndlistarsýningar og aðsóknin sé svipuð og árið á undan. „Það sem hefur verið öðruvísi en í fyrra er að ef ekki selst á viðburðina dögum fyrir viðburðina, þá selst upp á staðnum eins og gerðist til dæmis með Beethoven-tónleika

í fyrradag. Það er afar ánægjulegt að almenningur tekur þessu svona vel. Það eru margir viðburðir framundan og ekki uppselt á þá alla þannig það er enn hægt að fá miða. Reyndar er uppselt á einhverja þeirra og við gætum í raun haft fleiri en eina uppákomu á sumar uppákomur. Við erum afar ánægð með þær viðtökur sem Listahátíðin hefur fengið í ár,“ sagði Guðrún. ■

GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR Afar ánægð með viðtökur listahátíðar.



ÁHERSLA Dómsmálaráðuneytið er sagt mjög upptekið af þyngd umsækjenda um ættleiðingu, en láti sér reykingar í léttu rúmi liggja. Lilja Sæmundsdóttir hefur farið með sitt mál fyrir dómstóla. Hér er hún ásamt lögmanni sínum, Ragnar Aðalsteinssyni hrl.

Í lagi að reykja en ekki að vera þungur

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir sérstökum heilsufarsupplýsingum séu umsækjendur um ættleiðingu of þungir. Er það sagt vegna hættu á æða- og hjartasjúkdómum. Einskis er spurt þótt umsækjandi reyki að sögn kjörföður.

DÓMSMÁL „Ég lít svo á að þarna sé klárlega um mismunun að ræða,“ segir Friðjón Guðjohnsen kjörfaðir um ættleiðingarmál Lilju Sæmundsdóttur sem nú er fyrir dómstólum. Dómsmálaráðuneytið synjaði henni um að ættleiða barn frá Kína þar sem hún væri of þung.

Friðjón og kona hans hafa ættleitt eitt barn frá útlöndum og hafa fengið forsamþykki ráðuneytisins um að ættleiða annað. Friðjón þekkir því ættleiðingarferlið vel.

„Ráðuneytið notar meðal annars ákveðinn þyngdarstuðul, svokallaðan BMI-stuðul, í vinnu sinni á umsóknunum,“ segir Friðjón. „Þessi stuðull er reiknaður út frá hæð og þyngd viðkomandi. Ef hann er utan þeirra marka sem

þeir telja eðlileg, eða yfir 25, þá óskar ráðuneytið eftir frekari upplýsingum. Það sem mér finnst gagnrýnivert er að þá er um leið þegar búið að leggja mat á umsækjendur, bara út frá þessum eina þætti.“

Friðjón sagði að í bæði skiptin sem þau hjón hefðu sótt um að fá að ættleiða hefði ráðuneytið vakið sérstaka athygli barnaverndaryfirvalda á því að þau væru, að áliti þess, of þung. Hefði ráðuneytið beðið barnaverndaryfirvöld um að afla sérstakra upplýsinga um heilsufar þeirra. Þessara upplýsinga hefði átt að afla þar sem ráðuneytið teldi að þyngd yfir kjörþyngd væri áhættuþáttur ýmissa hjarta- og æðasjúkdóma.

„Ég spurði þá starfsmann ráðu-

neytisins sérstaklega um hvort óskað væri eftir sömu upplýsingum ef umsækjandi reykti og hann sagði að svo væri ekki. Spurt er sérstaklega hvort umsækjandi reyki í umsókninni um forsamþykki, þannig að ráðuneytinu á að vera kunnugt um það,“ segir Friðjón og vísar til útreikninga Hjarta-verndar þar sem áhætta á hjarta- og æðasjúkdómum er talin margfalt meiri af völdum reykinga heldur en ofþyngdar. Hann bendir á að þeir starfsmenn ráðuneytisins sem skoði umsóknirnar séu að jafnaði lögfræðingar, sem hafi hvorki læknisfræðimenntun né aðra sérstaka menntun til þess að meta áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma.

jss@frettabladid.is

Alþýðusamband Íslands um 6,7 prósent hækkun launa:

Ekkert launaskrið að undanfögnu

KJARAMÁL Ekki er um launaskrið að ræða, þótt laun hafi hækkað um 6,7 prósent síðastliðna tólf mánuði og kaupmáttur vaxið um 2,3 prósent, segir Alþýðusamband Íslands.

Launavísitalan mældist 264,2 stig í apríl samkvæmt mælingu Hagstofunnar og hækkaði um 0,5% frá því í mars. Á síðustu tólf mánuðum hækkaði verðlag um 4,3 prósent.

Alþýðusambandið bendir á að í þessari mælingu gæti enn áhrifa af tvennum kjarasamningsbundnum launahækkunum á almennum markaði, það er við gildistöku nýrra kjarasamninga í mars og apríl í fyrra, ásamt hækkunum um 3 prósent um síð-

ustu áramót. Áhrif launahækkana í kjölfar samninganna í fyrra fari nú dvinandi og megi því búast við því að það hægi á launahækkunum. Áhrif nýgerðra

samninga á opinbera markaðnum komi einnig inn af fullum þunga í þessari mælingu, þar sem búið sé að semja við flesta aðila, segir ASÍ. ■



VERÐLAG Á síðustu tólf mánuðum hækkaði verðlag um 4,3 prósent.

Við losnum út eftir 63 daga.

Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of litinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.

Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.

**Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir
Litlagerði 12,
108 Reykjavík**



3.990*


HiveLite

Þráðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4GB niðurhal, 8Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: RAGNAR STEFÁNSSON JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

Eflir landsbyggðina og rannsakar skjálfta

Ragnar Stefánsson jarðeðlisfræðingur, sem stundum er nefndur skjálfti vegna sérfræðipækningar hans á jarðskjálftum, er búsettur í grennd við Dalvík. Hann sinnir fræðistörfum sínum þar og hefur í nógu að snúast þessa dagana. „Ég er á fullu í starfi samtakanna Landsbyggðin lífi, sem hefur það meginmarkmið að bæta líf íbúa á landsbyggðinni. Síðan er ég einnig í Framfarafélagi Dalvíkurbyggðar sem hefur þann draum að koma upp útivistarparadis í Svarfaðardal,“ segir Ragnar sem greinilega er fullur orku. Ragnar hefur tekið þátt í stórrí rannsókn sem ber heitið Prepared og snýr að jarðskjálftum. „Þetta er stórt rannsóknarverkefni sem snýr að því að gera spár fyrir jarðskjálfta nákvæmari. Ég hef unnið að þessu fyrir Veðurstofu Íslands og með aðilum frá átta Evrópuþjóðum,“



segir Ragnar. Hann bindur vonir við að þessar rannsóknir muni leiða af sér merkilegar niðurstöður sem geri mönnum kleift að bregðast betur við áður en jarðskjálftarnir eiga sér stað. Ragnar gegnir einnig starfi sem forstöðumaður rannsóknarútíbús Háskólans á Akureyri og er því á fullu í fjölbreytilegri rannsóknarvinnu á Norðurlandi. Fram undan er heimsókn forseta Íslands í Dalvíkurbyggð þar sem Ragnar mun kynna fyrir honum jarðskjálftarannsóknir. „Forsetinn bað sérstaklega um þessa kynningu, þannig að þetta verður örugglega skemmtilegt,“ segir Ragnar. Hann er annars ánægður með lífið í Dalvíkurbyggð og segist áfram ætla að vinna að því að efla umræðu um líf fólks á landsbyggðinni.

HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



ÞAÐ KOSTAR 300 KRÓNUR FYRIR FULLORÐNA AÐ SKOÐA BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR
Heimild: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

24
stundir

Verstu nágrannar Íslands

MÆÐGININ REKIN ÚR FIMMTU ÍBÚÐINNI Í RÖÐ

Verða þau næstu nágrannar þínir?

DV – hefur þú séð DV í dag?



Á FULLRI FERÐ þátttaka í átakinu Hjólað í vinnuna var mjög góð.

Verðlaun afhent:

Hjólað í vinnuna lokið

Verðlaun voru afhent fyrir fræðslu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær. Alls voru yfir 5.000 þátttakendur frá 254 vinnustöðum sem hjóluðu yfir 170 þúsund kílómetra á þeim tveimur vikum sem átakið stóð yfir.

Hægt var að fá verðlaun fyrir fjölda daga og kílómetra í flokkum eftir fjölda starfsmanna á vinnustað.

Hlutfallslega voru starfsmenn Marksins hlutskarpastir en þeir hjóluðu yfir 200 kílómetra hver. Starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði hjóluðu suður til að taka við verðlaunum fyrir næstflestu daga í flokki vinnustaða með 150 til 399 starfsmenn.

- mh

Stangveiði-tímabilið hafið

Stangveiði hefur notið mikilla vinsælda hér á landi um árabil, enda aðstæður hér á Íslandi á heimsmælikvarða. Veiðimenn eru nú að taka fram græjurnar og gera sig tilbúna fyrir sumarið.

Spenna veiðimanna eftir sumrinu er nú að losna úr læðingi. Pálmi Gunnarsson, veiði- og tónlistarmaður, er einn af þeim sem finna vel fyrir því þegar sumarið nálgast. „Það er alltaf gaman þegar stangveiðitímabilið er að hefjast, þó það hafi verið frekar kalt á veiðimenn að undanförunu,“ segir Pálmi og vonast greinilega eftir



PÁLMI GUNNARSSON Sumarið er tíminn hjá Pálma. Hann segir það aldrei of langt, sérstaklega hjá veiðisjúklingum eins og honum sjálfum.

Alþjóðlegi skólamljólkurdagurinn:

Flúðaskóli fékk verðlaunin

Fjórdi bekkur Flúðaskóla hreppti 100 þúsund krónur í verðlaun í teiknimyndsamkeppni meðal fjórðu bekkinga í grunnskólum landsins. Keppnin var haldin í til efni af alþjóðlega skólamljólkurdegnum og voru úrslit tilkynnt í gær.

Myndir bárust úr mörgum skólum svo hundruðum skipti og valdi dómnefnd tíu bestu að sínu mati. Fjórar þeirra reyndust koma úr Flúðaskóla. Myndirnar tíu verðar notaðar á plaköt og kynningarefni vegna Skólamljólkurdagsins 2005 á næsta hausti.

Verðlaunahafarnir eru Anna Maggý Grímsdóttir, Snælandsskóla, Bergdís Rán Jónsdóttir, 4 P:S. Barnaskóla Vestmanneyja, Guðjón Örn Sigurðsson, Flúðaskóla, Hafþór Ingi Ragnarsson, Flúðaskóla, Jón Gautason, Flóaskóla, Kristín Hulda Kristófersdóttir, 4V Snælandsskóla, María Svansdóttir, Flúðaskóla, Svannborg Signý Jóhannesdóttir, Ljósafossskóla, Sóley Reynisdóttir, 4 AH Heiðarskóla í Reykjanesbæ, Þórmundur Hilmarsson, Flúðaskóla.

-jss



DÓMNEFNDIN Sigurður Mikaelsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Hildur Ósk Hafsteinsdóttir, Guðlaugur Björgvinsson og Hólmgeir Karlsson mátu verðlaunamyndirnar úr teiknimyndasamkeppni skólamljólkurdagsins.

SHURE
Easyflex
og
Microflex

Hljóðnemar fyrir ráðstefnur, fundarsali, fyrirlestra, leiksvið og nánast alla staði þar sem talað orð þarf að heyrast...



TÓNABÚÐIN

Sunnuhlíð 12. 603 Akureyri s. 4621415
Rauðarúst. 16. 105 Reykjavík s. 5524515

NÚ, er
Valið
Auðvelt

tonabudin.is

Próflökum fagnað:

Sigling í Hvítá vinsælust hjá krökkunum

Það var mikill hraði og hasar á Torfa G. Yngvasyni hjá Arctic Rafting þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til hans. „Hér er heilmikið um að vera og erum við nú að leggja af stað í siglingu niður Hvítá á 20 bátum með um 200 unglinga,“ segir Torfi, sem greinilega er spenntur yfir því að sumarannirnar séu að hefjast.

Arctic Rafting hefur í mörg ár stjórnað siglingum niður Hvítá með 10. bekkina, sem á þessum árstíma eru að fagna því að grunnskólinn er að klárast. „Þetta eru mikil tímamót hjá krökkunum, sem eru í hálfgerðu spennufalli yfir lokum samræmdu prófanna og hafa

því mjög gaman af því að lyfta sér svolítið upp,“ segir Torfi og virðist sjálfur skemmta sér hið besta.

Siglingarnar hjá Arctic Rafting hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hafa skipað fastan sess í útskriftarferðum grunnskólanna víðs vegar af landinu. Fyrirtækið hefur tekið á móti þúsundum barna og virðist ekkert lát vera á vinsældum þessara ferða. „Þetta hefur gengið vel hjá okkur, fjöldinn hefur vaxið ár frá ári og er nú svo komið að við erum að ferja metfjölda í siglingunum. Við erum búin að fara með 1.000 krakka síðustu daga og það hefur gengið allveg glimrandi vel. Veðrið hefur



FJÖR Í SIGLINGU Mikil spennan grípur um sig hjá krökkunum þegar lagt er af stað enda ekki á hverjum degi sem kostur gefst á því að sigla í straumharðri á með leiðsögumanni. Líka verið dásamlegt, sól og blíða og auðvitað mikil gleði,“ segir Torfi og leggur á það áherslu að öll aðstaða hjá fyrirtækinu sé til fyrirmyndar. „Hér fer enginn af stað nema vera í réttum útbúnaði og



BJÖRN Í BAÐI Þessi bangsi kældi sig í einni af fjölmörgum sundlaugum í Los Angeles um helgina. Bjössu var þó ekki lengi í paradís heldur var deyður og fluttur í burtu af dýraeftirlitinu.

betri tíð á næstunni.

Pálmi hefur umsjón með þremur ám þetta sumarið; Litluá í Kelduhverfi, Brunná í Óxarfirði og Lónsá á Langanesi. Hann leggur mikið upp úr því að veiðimönnum líði vel í ánum hans. „Ég reyni að skapa veiðimönnum notalegt umhverfi og finnst mikilvægt að veiðimönnum líði betur eftir að hafa veitt í mínum ám. Þannig leyfi ég veiðimönnum að ráða því alfarið hvernig þeir haga þeim klukkutímum sem þeir kaupa hjá mér,“ segir Pálmi.

Spurður út í það himinháa verð sem greitt er fyrir veiðirétt í ám nú til dags segir hann ekkert við því að gera. „Þetta er harður markaður og menn eru einfaldlega tilbúnir að borga meira nú en áður, bæði fyrir veiðina og fyrir að vera umsjónaraðili veiðisvæða,“ segir Pálmi.

Vatnaveiði er ódýr hér á landi og telur Pálmi að veiðimenn mættu horfa meira til vatnanna. „Það er ekki mikil hefð fyrir vatnaveiði hér á landi miðað við mörg önnur lönd og tel ég að það sé hægt að nýta betur þá góðu aðstöðu sem við Íslendingar höfum,“ segir Pálmi.

Tónlistarmaðurinn Pálmi tróð upp með ICY-flokknum á Nasa um helgina og þar var góð stemning. „Þetta var alveg rosalegt, brjáluð stemning. Minnti á gömlu góðu dagana með Brunaliðinu,“ segir Pálmi.

Pálmi og Magnús Eiríksson, sem saman myndu Mannakorn, eru á leið í stúdíó að taka upp ný lög. Þeir halda ótrauðir áfram tónlistarsköpuninni og virðast alltaf geta hrist fram úr erminni nýtt og ferskt efni.

Pálmi horfir því björtum augum til framtíðar, bæði sem tónlistar- og veiðimaður. ■



Á LOKASPRETTINUM

Laxnes:

Þolreiðarkeppni endurvakin

Þolreiðarkeppni Íslands var endurvakin um helgina þegar 25 knapar þeystu hestum sínum hina 18,6 kílómetra löngu leið frá Reiðhöllinni í Víðidal að Laxnesi í Mosfellsdal. Keppendur voru á öllum aldri, sá yngsti tólf og sá elsti áttræður. Egill R. Sigurgeirsson bar sigur úr þýtum á hestinum Eitli og fóru þeir leiðina á 58 mínútum án refsistiga.

Laxnes hélt keppnina í samstarfi við Ícelandair og verður keppnin haldin að nýju á næsta ári bæði hér og annars staðar á Norðurlöndunum. Þá hefur einnig borist boð um að halda keppnina í Kaliforníu í Bandaríkjunum. - sgi

Það eina sem er erfitt við að kaupa nýjan bíl . . .

. . . er að velja vegi við hæfi

Þú velur hvort þú leigir bílinn með einkaleigu eða eignast hann með bílasamningi eða bílaláni. Veldu bíl sem hentar þínum þörfum og ræddu svo við ráðgjafa Lýsingar eða sölumenn bílaumboðanna sem aðstoða þig við að útbúa umsókn og ganga frá fjármögnun. Bílaumboðin eru beintengd Lýsingu í gegnum Nelið þannig að svar við umsókn kemur á augabragði. Þú metur það svo í rólegheitum hvaða vegi þú vilt aka bílnum þínum.

Notaðu reiknivélina á www.lysing.is og skoðuðu hvernig þitt dæmi kemur út.

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þærfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

BÍLASAMNINGUR ■ BÍLALÁN ■ REKSTRARLEIGA ■ EINKALEIGA




Hver sem **pú** ert...

Vildarþjónusta Sparisjóðsins

Við hjá Sparisjóðnum vitum að hver einstaklingur hefur margar hliðar og ólíkar þarfir. **Vildarþjónusta Sparisjóðsins** er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á www.spar.is. Velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina í bankakerfinu.





...þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

Meiri ávinningur

- Lán án ábyrgðarmanna
- Fritt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Afsláttur af lántökugjöldum
- Sérkjör hjá Verðbréfabjónustu Sparisjóðsins
- Sérstök námskeið og ráðgjöf í fjármálum
- Sérkjör á fjármögnun bifreiða hjá SP-Fjármögnun
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 3.44 13.25 23.07
 AKUREYRI 3.04 13.09 23.18
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 24. maí,
 144. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

En mamma, hvernig
 á ég að vita hvað
 pollurinn er djúpur
 ef ég er ekki búinn
 að fara út í hann?



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 ÞÆR Á visir.is



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR ATVINNA BRÚDKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

heilsa o.fl.

Lyf fundið við fótáoeirð

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir stundar líkamsrækt hjá Báru Magnúsdóttur í Dansrækt JSB og hér eru þær stöllur á spjalli eftir góða törn í leikfiminu.

Sameinar gott spjall og rösklega göngu

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður fór í heilsuáttak fyrir nokkrum árum og hefur breytt um lífsstíl í kjölfarið þar sem heilsan er í fyrsta sæti.

„Ég fer í leikfimi eins oft og ég get, sem er svona 4 til 5 sinnum í viku,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður aðspurð hvernig hún haldi sér í formi. Hún stundar líkamsrækt hjá Dansrækt JSB í Lágmúlanum þar sem Báru ræður ríkjum og aðeins konum er veittur aðgangur. „Stemningin er frábær hjá Báru og það er alltaf gaman, þar hitti ég konur víða og finnst ég þannig hafa þúlsinn á samfélaginu,“ segir Ásta Ragnheiður.

„Oftast sæki ég leikfimitíma, en ég fer stundum í tækjasalinn. Það finnst mér bara svo leiðinlegt nema ég geti horft á fréttir í leiðinni,“ segir Ásta Ragnheiður og hlær. Félagslíf í tengslum við líkamsræktina skiptir hana máli og hefur hún gaman af því að hitta fólk. „Ég geng á göngustígnum við Ægisíðu með vinkonu minni og þar hitti

ég mikið af fólki, auk þess sem mér finnst alveg frábært að sameina gott spjall og rösklega göngu,“ segir Ásta Ragnheiður. En hún lætur ekki þar kyrrt liggja því hún segist reyna að koma hreyfingu að daglega lífinu með því að forðast að taka lyftur og nota stigana frekar, og ganga frekar en að keyra. „Ég fer stundum í sund líka en þá nenni ég reyndar ekki að synda, ég fer bara í pottinn og spjalla við fólk og í gufuna,“ segir Ásta Ragnheiður og brosir.

„Ég er mjög meðvitúð um hvað ég læt ofan í mig, reyni að borða hollan og góðan mat og forðast allt rusl,“ segir Ásta Ragnheiður og bætir því við að hún drekki mikið vatn og fái sér aðeins einn kaffibolla á dag.

„Maður verður að gefa sér tíma fyrir heilsuna og setja hana í fyrsta sæti, manni líður svo miklu betur auk þess sem það hefur óbein áhrif á fólkið í kringum mann,“ segir Ásta Ragnheiður að lokum og er öðrum til fyrirmyndar með sinn heilbrigða lífsstíl.

kristineva@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í heilsu

Útfjólubláir geislar eru tilgreindir, þ.e. að segja magn þeirra hverju sinni, í lok hvers veðurfréttatíma á Bretlandi. Þessar upplýsingar virðast

þó ekki skila sér til áhorfenda því um 70% þeirra skilja ekki um hvað upplýsingarnar snúast. Þetta kemur fram í nýrri könnun þar sem niðurstaðan er jafnframt á þann veg að 73% aðspurðra kváðust sólbrenna að minnsta kosti tvisvar á hverju sumri þrátt fyrir ótta við húðkrabbamein. Heilbrigðisyrifvöld hafa af þessu áhyggjur en 17 þúsund manns deya árlega á Bretlandi af völdum húðkrabbameins.

Rannsókn íslenskra lækna á ýmsum aldursbundnum augnsjúkdómum hefur vakið athygli víða um heim, að því er fram kemur á

fréttasíðu doktor.is. Rannsóknin leiðir meðal annars í ljós samband hóflegar áfengisneyslu og minni hættu á að fólk fái skýmyndun á augastein. Reykingar þrefalda hins vegar líkurnar á skýmyndun á augasteini og sama er að segja um vinnu úti undir beru lofti.

Kínverski stjórnmálari hafa lýst yfir neyðarástandi og fyrirskipað bráðaáðgerðir til að hindra útbreiðslu fuglaflensu, í kjölfar þess að að farfluglar sem fundust dauðir í vesturhluta landsins fyrir í þessum mánuði reyndust sýktir af veirunni. Bændum á jörðum sem farfluglar frá Suðaustur-Asíu eiga leið um hefur verið gert að bólusetja alifugla á býlum sínum og almenningi er ráðlagt að halda sig frá öllu fíðurfé. Fuglaflensa mun geta borist hingað til lands með farfluglum, en ekki hafa verið gerðar skipulagðar rannsóknir á villtum fuglum hérlandis á síðustu árum.

heilsa@frettabladid.is

Crispy Aromatic önd

Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim

Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, sósu og steiktum hrísgrjónum, frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6



Fyrst setur þú sósu á pönnukökuna, síðan agúrku, önd og vorlauk þar yfir. Pönnukökunni er síðan rúllað upp og rétturinn er tilbúinn.

á mann kr. 1745 fyrir tvo kr. 3490
 Crispy Aromatic önd er eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

Fáið öndina senda heim eða borðið á staðnum!

NING'S

Stórhöfða 17
 Suðurlandsbraut 6
 Hlíðasmára 12
 Kringlunni
 Þöntunarsími 588 9899

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

Djúpstektar ræjur með súrsætri sósu • Svinakjöt og grænmeti í Dreka sósu
 Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu
 Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
 Hrísgrjón og soya sósa

á mann kr. 1245 fyrir tvo kr. 2490
 Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri
 Ef þú hringir og sækir fylgir 2L Coke með tilboðinu

HEILSUTILBOÐ

Gufusoðið brokkolí og pok-choi kál með hvítlauk í ostrusósu
 Wok ristað blandað grænmeti og kartöflur í karrýsósu
 Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
 Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti
 Steikt brún grjón með eggjum og grænmeti, soya og Sweet Chili

HEILSU TILBOÐ á mann kr. 1195 fyrir tvo kr. 2390
 Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

Ef þú hringir og sækir fylgja 2 Toppar með tilboðinu



Svefn

Góður svefn skiptir líkamann miklu máli og gott er að fara alltaf að sofa á sama tíma og vakna á sama tíma á hverjum degi. Flestir þurfa að sofa sjö til níu tíma á nóttunni, en ónægur svefn getur valdið streitu, veikindum og erfiðleikum við að einbeita sér.

**Nýtt frá ASTROGLIDE®
Er kynlífið kalt!**

Fáðu aukinn hita í kynlífið með Astroglide Warming Liquid. Lyktarlaust.



Söluastaðir Lyfja, Lyf og Heilsa, Femin.is, Rímaapótek, Laugarnesapótek, Árbæjarapótek, Skipholtspótek, Apótekarinn, Lyfjaval, Árnes og Siglufjarðarapótek.

Lithimnulestur
Með David Calvillo

Miðvikudag, fimmtudag og föstudag

Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.



Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

Sico gæðasmokkar,

öruggir, ódýrir, handhægir. Finndu þann sem hentar þér:

Fást í helstu lyfja-verslunum um land allt, fæst einnig í Amor, Videoheimar Faxafeni, Allt í Einu Jafnaseli, Söluturninn Miðvangi, Bæjarvideo, Foldaskál-inn og Bio Grill.



- Grip
 - Extra strong
 - Ribbed
 - Pearl
 - Safety
 - Sensitive
 - Color
- 3 og 9 stykkja pakkningar



Rósa Guðmundsdóttir og Herdís Anna Jónsdóttir eru teygjustjórar Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Tónlist og teygjur fara afar vel saman

Sinfóníuhljómsveit Íslands gerir teygjuæfingar í kaffitímunum.

Margir sjá fyrir sér að það að spila á hljóðfæri sé ekkert sérstaklega erfið vinna líkamlega en þær Herdís Anna Jónsdóttir og Rósa Guðmundsdóttir, hljóðfærleikarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands, vilja aldeilis ekki meina það. „Atvinnu-hljóðfærleikari þarf að vera í sama formi og ólympíufari. Það sagði sjúkráþjálfarinn okkar að minnsta kosti,“ segir Herdís ákveðin. „Við þurfum að þekkja hverja taug og hvert vöðvaknippi til að geta sinnt okkar starfi sem skyldi og geta haldið hljóðfærinu tímum saman í sömu stellingu.“ Og því er það að í kaffitímanum á virkum morgnum klukkan ellefu breytist stóri salurinn í Háskólabíó í smá stund úr hljómsveitaræfingasvæði í jógastöð, með teygjum og öndunaræfingum undir stjórn þeirra Rósu og Herdísar.

„Hugsaðu þér ef áttatíu blaðamenn og aðrir sem vinna við tölvu þyrftu að vélrita nákvæmlega í takt, á sama hraða og vera búin á



Teygjur eru nauðsynlegar fyrir alla, ekki síst hljóðfærleikara.

nákvæmlega sama tíma, og fylgjast með stjórnanda allan tímann að auki. Hljóðfærleikari í hljómsveit getur ekki stoppað og velt fyrir sér hvernig er best að gera eitthvað, eða ákveðið að standa aðeins á fætur og teygja úr sér eða fara á klósettíð. Þetta veldur heilmikilli

streitu og spennu hjá hljóðfæraleikurum.“

Þær stöllu efast ekki um að teygjurnar hafi bætt hljóminn í hljómsveitinni. „Því betur sem þú nærð að slaka, því betur nær hljóðfærið þitt að hljóma,“ segir Rósa. „Svo er þetta líka gott fyrir starfsandann í hljómsveitinni.“

Þær segja gestastjórnendur mjög hrifna af teygjuframtakinu. „Ashkenazy fannst þetta alveg frábært og teygði með af mikilli einbeitingu. Við höfum ekki hitt neinn stjórnanda sem hefur kynnst hóp teygjum annars staðar, svo þetta virðist vera einstakt framtak hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Herdís. „Við ættum að fara í teygjutrúboð.“ En hverjir skyldu vera duglegastir að teygja? „Fólk er misduglegt en það fer ekkert eftir hljóðfærunum. Ef það er ekki teyggt, sem stundum vill vera, þá taka blásararnir það hins vegar helst nærri sér og koma og skamma okkur.“ Kaffihléinu er lokið og nýteygðir hljóðfærleikarar taka til starfa að nýju. Blaðamaður laumast til að gera teygjur frammi á gangi við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands. ■

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!

SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Silicol Skin

vinnur gegn filapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.

Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.

Fæst í apótekum.

FJÖLVÍTAMÍN MEÐ GINSENG

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

FÆST Í APÓTEKUM, HACKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

Fimm brauðhleifar, tveir fiskar og rauðvín
Jesúmegrunarkúrinn gæti orðið nýjasta æðið í Ameríku.

Don Colbert, lækni á Flórída, heldur því fram að besta aðferðin til að halda sér grónnum sé að fara að dæmi Jesú Krists og nærast eins og hann. Colbert skoðar í nýjstu bókinni sinni, sem ber einmitt titilinn Á hverju nærðist Jesús?, þær fæðutegundir sem nefndar eru í biblíunni. „Ef þið viljið sannarlega fylgja Jesú í lífi ykkar getið þið ekki horft fram hjá mataræði hans, sem var aðallega fiskur, brauð, grænmeti og linsubaunir,“ segir Colbert. „Heilsu Bandaríkjamanna hrakar stöðugt og það er aðallega vegna óhollustu. Margir hafa engan áhuga á að breyta matarvenjum sínum, en fá í staðinn líf hjá læknum til að halda þyngdinni í skefjum. Þetta er náttúrulega fátíðlegt og væri nær fyrir þetta fólk að lesa biblíuna og tileinka sér lífsstíl Krists.“ Colbert bendir á að það sé ekki bara fæðuvalið sem sé mikilvægt heldur líka hvernig fæðunnar er neytt. „Kristur og lærisveinar hans gáfu sér góðan tíma til að borða og áttu langar og innihaldsríkar samræður meðan á máltíðum stóð. Þetta þurfum við að tileinka okkur og hætta að borða skyndibita á hlaupum.“

Best er að gera eins og Kristur og lærisveinarnir, borða hollan mat og gefa sér góðan tíma.

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

Hrós

Viðurkenning

Við höfum öll mikla þörf fyrir viðurkenningu, m.a. að við séum meðtekin eins og við erum. Flest veltum við því einhvern tímann fyrir okkur hvernig aðrir sjá okkur, ekki satt? Þannig virðist álit annarra hafa talsverð áhrif á okkur, stundum jafnvel of mikil áhrif? Meira að segja gerum við stundum hluti til þess að öðlast viðurkenningu þeirra sem eru í kringum okkur. Auðvelt er að sjá þetta hjá börnum en oft aðeins erfiðara hjá fullorðnum. Þó þýðir það ekki að slíkt eigi sér ekki stað hjá fullorðnum, aðeins að það er erfiðara að sjá það hjá fullorðnum en börnum.

